

Mánudaginn 11. janúar 2016 kl. 17.00 var haldinn 9. fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Þessir sátu fundinn: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Sóley Möller varaformaður, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Guðmundur A. Guðmundsson meðstjórnandi og Brynja Tomer varamaður.

Einnig sat fundinn Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar var lögð fram fundargerð 8. fundar, hún samþykkt og staðfest með undirritun fundarmanna þess fundar.

1. Stjórn boðaði fulltrúa Vísindanefndar á fund vegna tveggja mála sem liggja á borði nefndarinnar. Annars vegar beiðni frá DÍF um breytingu á ákvæðum um augnskoðanir hjá íslenskum fjárhundi og hinsvegar beiðni frá Smáhundadeild um þörf á að setja augnskoðunarkröfu á Chinese Crested. Í tölvupósti dagsettum 9. september 2015 kom svar frá Vísindanefnd undirritað af Helgu Finnsdóttir þar sem efast var um þekkingu nefndarinnar til að taka afstöðu með eða á móti rökum fyrir umbeðnum breytingum á reglum um ættbókarskráningu íslenska fjárhundsins. Helga Finnsdóttir formaður vísindanefndar mætti á fundinn sem og Guðmundur A. Guðmundsson stjórnarmaður HRFÍ og ritari vísindanefndar. Niðurstaða fundarins var að vísindanefnd er sátt við að gefa áfram álit á almennum fyrirspurnum um breytingar á ræktunarkröfum og mun skila inn sínu álit á beiðni Smáhundadeildar vegna Chinese Crested fljótlega, en óska jafnframt eftir að beiðni DÍF vegna íslenska fjárhundsins verði áframsend á sérfræðing í augnsjúkdómum til að gefa sitt sérfræðiálit.
2. Stjórn boðaði fulltrúa úr starfshópi um starfsemi ræktunardeilda til að kynna tillögur nefndarinnar. Klara Simonardóttir, Pétur Alan Guðmundsson og Guðbjörg Guðmundsdóttir mættu fyrir hönd nefndarinnar og kynntu þau frumdrög sín á skýrslu um starf og tillögur nefndarinnar. Umræður voru um tillögurnar og aðilar voru sammála um að þær eru í anda stefnumörkunar félagsins. Stjórn kom með ábendingar við tillögurnar og bað nefndina að vinna áfram með þær svo hægt væri í framhaldinu að senda niðurstöður til vísindanefndar og að lokum til kynningar á fulltrúaráðsfundi.

3. Önnur mál

Í nóvember sl. kom beiðni frá Fanneyju Baldursdóttur um pörun á snögghærðum og síðhærðum collie. Stjórn óskaði eftir álit Ræktunar- og staðlanefndar sem skilaði eftirfarandi álit:

Ræktunar- og staðlanefnd hefur fjallað um erindi varðandi pörun snögghærðra og síðhærðra Collie-hunda.

Nefndarmenn öfluðu meðal annars upplýsinga frá Englandi og leyfir The Kennel Club pörun snögghærðra og síðhærðra afbrigða.

Ennfremur var leitað í smiðju FCI og í fréttabréfi samtakanna, The Circuit 04/12 voru ræktendur hvattir til að para saman ólík afbrigði ýmissa hundategunda:

„The FCI encourages crosses between breed varieties in order to increase the gene pool and improve dog health: it is not beneficial for health in dog breeding to have too small populations.“

Mismunandi er í nágrennalöndum okkar hvaða reglur gilda, en í ljósi þess að breska hundaræktarfélagið heimilar að snögghærðir og síðhærðir collie-hundar séu paraðir, í ljósi tilmæla frá FCI og með smæð stofnsins á Íslandi í huga, leggur nefndin til að HRFÍ heimili pörun snögghærðra og síðhærðra Collie-hunda.

Samþykkt

Næsti fundur ákveðinn 16. febrúar kl.18.00

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 20.00

Herdís Hallmarsdóttir, Pétur Alan Guðmundsson,
Guðmundur A. Guðmundsson, Sóley Möller, Brynja Tomer.

Guðm. A. Guðmundsson
Pétur Alan Guðmundsson
Sóley H. Möller